

**50. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, mánudaginn 22. febrúar 2010 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Guðlaug Björgvinsdóttir (GB), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Trausti Þór Sverrisson (TSP), Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG), Ragnar A. Gambrell (RAG)

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir , oddviti

Dagskrá:

1. 1001036 - Tilkygning um dagsetningar samræmdra könnunarprófa haustið 2010

Lagt fram tilkygningar.

2. 1001014 - Starfshópur vegna samreksturs grunn-, leik- og tónlistarskóla

Farið yfir skipan starfshóps. Skólastjóra er falið að kalla eftir skipan fulltrúa sem vantar í hópinn, frá skólaráði, nemendafélagi og atvinnulífi. Þá mun hann kalla saman til fyrsta fundar og stýra vinnu starfshópsins. Samþykkt samhljóða.

3. 0912040 - Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stofnanaúttektir á grunnskólum vormisseri 2010

Þar sem erindið barst 4 desember og skilum átti að ljúka 18 desember þá var það of skammur tími til þess að málið færi til vinnslu og afgreiðslu í skólanefnd og hreppsnefnd. Samþykkt samhljóða.

4. 0912028 - Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Eftirlit með skólahaldi

Skólastjóri (TSP) svaraði erindi mennta- og menningarmálaráðuneytins, hann mun senda afrit á oddvita sem staðfestingu á afgreiðslu málsins. Samþykkt samhljóða.

5. 0912008 - Íbúáþing 21.nóvember 2009, samantekt

Skólanefnd lýsir yfir ánægju með íbúáþingið, en hefur engu við að bæta fyrirleggjandi samantekt. Samþykkt samhljóða.

6. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra

Skólastjóri (TPS) fór yfir skipulag á starfsmannafundum skólans, þeir verða þrír á mánuði. Deildarstjóra leikskóladeildar hefur óskað eftir þriggja vikna leyfi sem var veitt. Skólastjóri lagði fram umsókn um tímabundna ráðningu í starf á leikskólann. Foreldraviðtöl verða í skólanum 26.febrúar n.k. Árs hátíð Tálknafjarðarskóla verður 25.mars. Stóra - upplestarkeppnin verður haldin í Tálknafjarðarkirkju 15.apríl. Góður gangur er í Grænfánastarfinu.

7. 1001015 - Önnur mál

SG spurði f.h. starfsfólks leikskólans, hvort ekki ætti að setja eitthvað í staðinn fyrir kastalann sem fjarlægður var og bað um að farið yrði yfir stöðu mála leikskólalóðar.

Skólastjóri (TPS) ræddi um stefnumótun í uppbyggingu skólabúnaðar almennt í skólanum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____